

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. janúar 2022  
UST202112-158/L.Ó.  
04.04

### Efni: Þingsályktunartillaga um þjóðaráttak í landgræðslu - 96. mál

Við er til erindis frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til Umhverfisstofnunar dags. 14. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn um þingsályktunartillögu um þjóðaráttak í landgræðslu, 96. mál.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að tillagan hafi verið lögð fram á 150. löggjafarþingi (365.mál) og sé nú endurflutt nær óbreytt.

Umhverfisstofnun ítrekar því umsögn stofnunarinnar frá 10. mars 2020 við efnislega sömu þingsályktunartillögu. Til viðbótar við framangreinda umsögn leggur Umhverfisstofnun áherslu á eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni að tekið sé tillit til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni frá 1992. Í samningnum er lögð áhersla á verndun búsvæða allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda. Í samningnum segir einnig að tilgangurinn með verndun líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi sé að styrkja og varðveita til framtíðar þær tegundir sem hafa frá upphafi skapað íslenska náttúru og þrífist hér á landi í árpúsundir. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé tillit til framangreindra þátta við skipulagningu landgræðslu á landsvísu.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir,  
*lögfræðingur*

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*